



Selfossi 31. janúar 2019

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**4. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2019,  
kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Eyþór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir,  
Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir,  
Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Samningur vegna eldvarnaeftirlitsnáms**

Pétur kynnti samning sem Brunavarnir Árnessýslu hafa gert við Mannvirkjastofnun varðandi kennslu fyrir eldvarnaeftirlitsmenn árið 2019. Í samningnum felst m.a. gerð á nýju kennsluefni, myndband um „Eigið eldvarnaeftirlit“, skipulagning og framkvæmd á einu eldvarnaeftirlitsnámskeiði og einu endurmenntunarnámskeiði. Samningurinn er gerður til eins árs og mun Mannvirkjastofnun greiða BÁ 5 milljónir vegna verkefnisins. Stjórn BÁ lýsir yfir ánægju með samninginn og þeim tækifærum sem í honum felast.

### **2. Útkallstölfræði 2018**

Pétur fór yfir útkallstölfræði ársins 2018 en árið 2018 var einstakt í sögu BÁ varðandi fjölda látinna. BÁ kom að verkefnum þar sem 14 einstaklingar léttust, sjö í bílslysum, tveir í eldsvoða og fimm með öðrum hætti. Umræður um að sálræn þjónusta við slökkviliðsmenn hefur aukist mikið að undanförnu.

Heildarfjöldi útkalla á stöðvar var 195 árið 2018 en til samanburðar voru þau 182 árið 2017 og 144 árið 2016. Flest útköllin árið 2018 voru F1 útköll, eða 76, á móti 48 árið 2017. Unnum klukkustundum í útköllum fjölgæði úr 3164 árið 2017 í 4184 árið 2018 eða um rúmar 1000 klukkustundir. Meðal klukkustundir í útköllum voru 21,5, en þær voru 17,4 árið áður. Ástæður útkalla á stöðvar árið 2018 voru í langflestum tilvikum vegna tilkynningar um eld, eða 96, þar á eftir voru 38 útköll á stöðvar vegna umferðaróhappa. 47% útkalla ársins 2018 voru á dagvinnutíma, frá kl. 08-16:00

### **3. Rekstrartölur ársins 2018**

Pétur fór yfir bráðabirgðatölur vegna ársins 2018 en það lítur út fyrir að fjárhagsáætlun muni standast.

**4. Önnur mál**

- a. Pétur sagði frá fyrirhuguðu í námskeiði í apríl varðandi ökutæki með aðra aflgjafa og hættur sem fólgnar eru í klippivinnu, auk námskeiðs í stjórnendataækni.
- b. Næsti fundur verður haldinn 28. mars 2019 kl.8:15

Fleira ekki gert.  
Fundí slitið kl. 9.30

Hanns H. Höglund  
Hanns H. Höglund  
Ingolfur  
Ingolfur Höglund  
Hanns H. Höglund  
Hanns H. Höglund  
Hanns H. Höglund